

Íslenskudeildir

✓ Hlutverk íslenskudeilda



Skipuleggja og sinna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli samkvæmt upplýsingum úr stöðumati og hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, kafla 19.4.

Leggja fyrir **1. hluta stöðumats**. Kynna þarf niðurstöðurnar fyrir umsjónarkennara í heimaskóla ef hann er ekki viðstaddur.

Leggja fyrir **stöðumat í læsi** og kynna niðurstöðurnar fyrir umsjónarkennara ef hann er ekki viðstaddur.

Vera í góðu samstarfi við heimaskóla nemenda, tengiliði og umsjónarkennara varðandi námsframvindu, mætingu og félagsleg tengsl.

Styðja nemendur við að sækja nám í sínum heimaskóla. Nemendur sækja heimaskóla a.m.k. einn dag í viku.

Aðstoða nemendur við að aðlagast skólamenningu, siðum og venjum í íslensku samfélagi.

Vera í góðu samstarfi við foreldra vegna mála er varða íslenskudeild.

Útskrifa nemendur úr íslenskuveri þegar þeir hafa lokið **fyrsta stigi hæfniramma** í íslensku sem öðru tungumáli.

Halda skilafund með heimaskóla við lok náms í íslenskudeild.

✓ Hlutverk heimaskóla

Halda **móttökufund** með nemanda og fjölskyldu samkvæmt **Velkomin í hverfið** þitt þar sem fulltrúum hverfamiðstöðvar og frístundamiðstöðvar er boðið ásamt skólahjúkrunarfræðingi.

Sækja um fyrir nemanda í íslenskudeild og láta upplýsingar úr móttökuvíðtali fylgja með.

Upplýsa foreldra um fyrirkomulag kennslu í íslenskudeildar og heimaskóla, og hvernig haga skuli samskiptum við skóla.

Útbúa einstaklingsmiðaða stundatöflu fyrir nemandann.

Upplýsa allt starfsfólk, sem kemur að námi eða frístundastarfi nemandans, og virkja öll í að styðja við nám og aðlögun barnsins.

Leggja fyrir stöðumat í stærðfræði.

Skipuleggja kennslu nemanda í öllum námsgreinum samkvæmt upplýsingum úr stöðumati og skrá unglunga í valgreinar.

Aðstoða foreldra við að skrá nemendur í mat ef þeir óska og tryggja að íslenskudeild fái upplýsingar um matarfyrirkomulag.

Stuðla að inngildingu og fylgjast með því að nemandi tengist sínum bekkjarhópi.

Láta íslenskuver vita af uppbroti eða vettvangsferðum svo að nemandi í íslenskudeild geti tekið þátt.

Fylgjast með fjarvistum og hafa samband við foreldra ef þarf.

Upplýsa foreldra reglulega um nám barna þeirra og veita þeim upplýsingar um hvernig þeir geta stutt við námið.

Gæta þess að upplýsingar um nemandann séu rétt skráðar í mentor og veita kennurum íslenskudeildar aðgang.

Ábyrgð á íslenskunáminu hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kennurum allra námssviða sem þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst. Eins er brýnt að allt starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemendanna sé upplýst um hæfni þeirra í íslensku og taki þátt í að styðja við námið. Foreldrar bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna og að rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2021).